

Alþingi
Erindi nr. P 131/1085
komudagur 16.3.2005

SÍT/S.Á./16. 03. 2005

Hugmynd að breyttri 4. gr. í frumvarpi til laga um græðara

Græðari ber bótaábyrgð á störfum sínum eftir almennum reglum.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að skráðir græðarar innan einstakra faggreina hafi í gildi ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi eða ábyrgð hjá viðskiptabanka eða sparisjóði vegna tjóns, sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra. Í stað váttryggingar eða ábyrgðar er ráðherra heimilt að samþykkja annars konar tryggingu, enda veiti hún sambærilega vernd að mati ráðherra. Í reglugerðinni verði jafnframt kveðið á um lágmark váttryggingarfjárhæðar og framkvæmd váttryggingarskyldunnar. Ráðherra skal hafa samráð við Bandalag íslenskra græðara og landlækni um ákvörðun váttryggingarfjárhæðarinnar.